

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 17. september kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1175. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir og Sigrún Reynisdóttir.
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Ármúli 38 - USK24020270

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að svölum og innanhússbreytingum í rýmum 0201 í mhl. 03 í húsi nr. 38 við Ármúla.
Minnkun: 4,6 ferm. og 83 rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Árskógar 5 - USK24080238

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23080089 þannig að bætt er við svalalokunum á íbúðir 1.- og 4. hæðar í fjölbýlishúsum nr. 5 og 7 á lóð nr. 5-7 við Árskóga.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 11. maí 2021 og á óstimpluðum aðaltekningum dags. 20. september 2023.
Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Bergstaðastræti 2 - USK24010189

Sótt er um leyfi til þess að opna veitingastað í flokki II, tegund f, krá, fyrir hámarks gestafjölda 55 manns og tvo starfsmenn, lækka kjallaragólf um 50cm og setja stiga upp á 2. hæð við norðurgöfl húss á lóð nr. 2 við Bergstaðastræti.
Um er að ræða endurnýjun á samþykkt BN056903, dags. 7. janúar 2020.
Lagður er fram úrskurður ÚÚA vegna kæru nr. 52 og 87/2021.
Erindi fylgir hljóðvistarskýrsla frá Brekke Strand dags. 6. mars 2024, umsögn Minjastofnunar í tölvupósti dags. 17. október 2019 og afrit af aðaluppdráttum samþykktum 7. janúar 2020.
Stækkun: 36.1 rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Bergstaðastræti 57 - USK24080308

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á einbýlishúsi á lóð nr. 57 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bergstaðastræti 57 - USK24080069

Sótt er um leyfi til að byggja kvist á norðaustur hlið ásamt því að lækka gólf í kjallara og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 57 við Berstaðastræti.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir deiliskipulag dags. 3. febrúar 2010.

Einnig fylgit umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2024 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19 ágúst 2024.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Borgartún 21A - USK24070073

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í hluta kjallararýmis 0002, í mhl. 06 í húsi á lóð nr. 21A við Borgartún.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

7. Brautarholt 16 - USK24030336

Sótt er um leyfi til að hækka rishæð, fjarlægja austara stigahús, breyta gluggum, byggja svalir, koma fyrir lyftu og innréttu gististað í flokki II, teg. b., 32 gistirými fyrir 70 gesti á efri hæðum, verslunarrými á jarðhæð, gera þaksvalir á vesturbyggingu, sameina mhl. 02 og 03 og innréttu tvær vinnustofur og sorpgeymslu í bakhúsi á lóð nr. 16 við Brautarholt. Stækkun: 208,2 ferm., 1.279,5 rúmm. Eftir stækkun: 1.469,3 ferm., 5.784,7 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júlí 2024. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar

8. Bólstaðarhlíð 47 - USK24060415

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24020119 með því að gera nýjan glugga á norðurgafli nyrstu skólastofu og gera lítilsháttar breytingar á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 47 við Bólstaðarhlíð.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Staðfest samþykki frá 16. júlí 2024.

9. Drafnarstígur 3 - USK24070228

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061633 með því að stækka kjallara og 1. hæð, innrétta íverurými í kjallara, grafa frá austurgafli og gera glugga og hurðir á kjallara einbýlishúss á lóð nr. 3 við Drafnarstíg.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 19. júlí 2024, umsögn Minjastofnunar dags. 22. júní 2024 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2024.

Stækkun: 33,5 ferm., 121,9 rúmm.

Eftir stækkun: 248,9 ferm., 745,8 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Gerðarbrunnur 9 - USK24090091

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK22122925 með síðari breytingu USK23100169 þannig að innra skipulagi er breytt, staðsetningu eldhúss og stofu er víxlað, gluggum breytt og þakkantur lengdur um 0.5m meðfram framhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Gerðarbrunn.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 28. nóvember 2023.

Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Grensásvegur 14 - USK24090059

Sótt er um leyfi til þess að innrétta matvöruverslun í rými 0102 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 14 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar dags. 7. mars 2023.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Grjótháls 8 - USK24090061

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN061418, með síðari breytingu USK23060047 vegna lokaúttektar þannig að eldvarnarmerkingar eru uppfærðar í bílaþvottastöð, mhl.06, á lóð nr. 8 við Grjótháls.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 22. ágúst 2023.

Gjald kr. 15.400

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

13. Gylfaflöt 10 - USK24050393

Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum með því að sameina rými 0101 og 0102 og innrétta sem líkamsræktarstöð með um 4-5 starfsmenn og rými fyrir um 30 gesti í iðnaðarhúsi á lóð nr. 10 við Gylfaflöt.

Erindi fylgir ódagsett samþykki meðlóðarhafa, og yfirlit breytinga byggð á skjáskotum af aðaluppdráttum.

Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Gæfutfjörn 4 - USK24090122

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058799 í mhl. 06, G4 og G6 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 4 við Gæfutfjörn.
Erindi fylgir yfirlit breytinga,
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Hagatorg 1 - USK24090120

Sótt er um leyfi fyrir innanhússbreytingum á 3. og 4. hæð sem snúa að því að breyta hótelrymi í skrifstofur og kennslurými í húsi á lóð nr. 1 við Hagatorg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 5. júlí 2016 og 25. febrúar 2014.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Hamrahlíð 17 - USK24080288

Sótt er leyfi til að breyta erindi BN060168 með því að stækka 6. hæð til norðurs á húsi á lóð nr. 17 við Hamrahlíð.
Stækkun: 117,5 ferm., 189,1 rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

17. Haukahlíð 2 - USK24090089

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061145 með því að breyta rýmisnúmerum í kjallara og í þakgarða á lóð nr. 2 við Haukahlíð.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

18. Hesthamrar - Kjalarnes - USK24020258

Sótt er um leyfi til þess að byggja einbýlishús, mhl.01 og hesthús, mhl.02 við Smálbýli 12 á landinu Hesthamrar á Kjalarnesi.
Stærð mhl.01: 301.5 ferm., 1.019.7 rúmm.
Stærð mhl.02: 200 ferm., 807.0 rúmm
Erindi fylgir ódagsett greinargerð hönnuðar. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2024. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðu laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

19. Hringbraut 121 - USK24090123

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24040341 með því að breyta innra skipulagi á 1. hæð í húsi á lóð nr. 121 við Hringbraut.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Háteigsvegur 1 - USK24090121

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070095 með því að rífa anddyri, breyta brunavörnum og flottaleiðum í húsi á lóð nr. 1 við Háteigsveg.

Gjald kr. 15.400

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

21. Klettagarðar 11 - USK24080208

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 3. hæð í skrifstofuhúsi á lóð nr. 11 við Klettagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Klettháls 13 - USK24090060

Sótt er um stöðuleyfi fyrir geymslutjald á lóð nr. 13 við Klettháls.

Stærð: 195,2 ferm., 878,8 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

23. Koparsléttu 20 - USK24090116

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN036191 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt, svölum komið fyrir á austurhlið og innkeyrsluhurð á suðurhlið einnig hefur verið hætt er við byggingu spennustöðvar í norðurenda iðnaðarhúss á lóð nr. 20 við Koparsléttu.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Koparsléttta 4 - USK23090250

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057033, með síðari breytingum BN057218, BN057525, BN058591, BN060391, BN061725 og USK23090097, og að byggja dreifistöð, mhl.12, á lóð nr. 4 við Koparsléttu.

Stærð 7.5 ferm., 20.2 rúmm.

Erindi fylgir lóðaruppráttur 34.533.8 dags. 14. febrúar 2022 og hæðablöð dags. nóvember 2006.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

25. Krókháls 5A - USK24090114

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að flóttaleiðum hefur verið breytt, gerðar nýjar svalir, hurð í stað björgunarops ásamt breytingum á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 5A við Krókháls.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Lambhagavegur 12 - USK24090062

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23110263. með því að fjarlægja eldvarnarhurð milli kaffistofu og þvottarýmis í húsi á lóð nr. 12 við Lambhagaveg.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

27. Laugavegur 105 - USK24010085

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23060061 þannig að millipallar hafa verið byggðir á 1. hæð og innréttadar skrifstofur í rýmum 0102 og 0103 á 1. hæð, einnig er loftræsistokkur á bakhlið klæddur af og gerðar smávægilegar breytingar á brunavörnum og kótum á þakgarði húss á lóð nr. 105 við Laugaveg.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð um brunavarnir dags. 28. júní 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Lokastígur 28A - USK24070156

Sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki II, án veitinga með gistingu fyrir 4 gesti í íbúð 0201 og til að setja svalir Njarðargötumegin auk áður gerðra breytinga á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 28a við Lokastíg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar, álit brunahönnuðar dags. 23. maí 2024 og yfirlit breytinga.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. september sl., fylgir erindi.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. september 2024.

29. Melbær 16 - USK24050289

Sótt er um leyfi til þess að gera taka í notkun og skrá sem hluta íbúðar áður gert kjallararými, gera hurð og tröppur út í garð til suðurs við raðhús nr. 16, mhl.02, á lóð nr. 14-20 við Melbæ.

Stækkun: 86.2 ferm., 242.5 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 8. júlí 2024 og ódagsett samþykki eigenda húss nr. 14, mhl.01 vegna kjallaratrappna á lóð.

Gjald kr. 15.400

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

30. Safamýri 58 - USK24080226

Sótt er um leyfi til að byggja þriggja til fjögurra hæða fjölbýlishús úr forsteyptum samlokueiningum, með 40 íbúðum og bílageymslu fyrir 32 bíla á lóð nr. 58 við Safamýri. Mhl. 01, A-rými: 3.299,7 ferm., 10.338 rúmm. B-rými: 1.623,7 rúmm. Mhl. 01, samtals: 4.923,4 ferm. Mhl. 02, djúpgámar: 17,3 ferm., 52,3 rúmm. Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 22. júlí 2024, hljóðvistargreinargerð frá Myrra dags. 15. ágúst 2024, útreikningur á varmatapi dags. 5. júlí 2024, merkjalýsing lóðar dags. 11. júlí 2024, umsókn um leyfi til að gera prufuholur dags. 19. ágúst og skýringar frá verkfræðistofunni Ferill dags. 31. maí 2024. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Sigtún 28 - USK24070115

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057517 með því að breyta innra skipulagi fundarsala og gistirýma og gistirýmum fjölgað úr 129 í 140 í viðbyggingu við Grand Hotel á lóð nr. 28 við Sigtún. Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 5. júlí 2024, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 7. júlí 2024 og útreikningur á varmatapi ódagsett. Breyttar stærðir: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Sigtún 30 - USK24040211

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057325 þannig að innra skipulagi og útliti íbúða hefur verið breytt ásamt því að brunavörnum hefur verið breytt, bætt við baðherbergjum og þvottahúsum, svefnherbergjum fækkað, gólfsíðum gluggum fjölgað og komið fyrir loftræsisamstæðum í hverri íbúð sem verða 109 í sex fjölbýlishúsum á áður samþykktum bílakjallara á lóð nr. 30 við Sigtún. Stærð eftir breytingu: 23.863 ferm., 87.732,3 rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Sigtún 39 - USK24090090

Sótt er um leyfi til að hækka þak og innrétta íbúðarrými í risi ásamt því að gera hurð út í garð á suðurhlíð kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 39 við Sigtún.

Stærkkun: xx ferm., 119,2 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Sjafnarbrunnur 4 - USK24090118

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037030 með því að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 4 við Sjafnarbrunn.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

35. Skeifan 8 - USK24060037

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, fjarlægja milliloft, innrétta viðburðarsal, veitingastað í flokki II, teg. c, sýningarsal, framleiðslueldhús og til að byggja við anddyri og aðkomu á austurhlið atvinnuhúss á lóð nr. 8 við Skeifuna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 22. febrúar 2005, greinargerð brunhönnuðar dags. 4. júlí 2024 og samþykki eigenda dags. 3. júní 2024.

Breyttar stærðir:

Minnkar um 275,9 ferm., stækkar um 13,7 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

36. Skyggisbraut 13 - USK24080165

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059103 með síðari breytingum BN060248 og BN060891, þannig að innréttuð verður snyrti- og húðflúrstofo í rými 0101 í íbúðar- og atvinnuhúsi við Skyggisbraut 13, mhl.04, á lóð nr. 1 við Rökkvatjörn.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 30. nóvember 2021.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

37. Skólavörðustígur 37 - USK24090124

Sótt er um leyfi til þess að breyta fjölga eignum og breyta notkun, síkka kjallara, innrétta veitingastað í flokki ? tegund ? fyrir ? fjölda gesta í rými 0101 og 0203, innrétta 6 íbúðir, koma fyrir lyftu, síkka og breyta gluggum gera nýjar þakvalir og breyta þaki húss Hvítabandsins á lóð nr. 37 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir greinargerð Myrru hljóðstofu um hljóðvist dags. 4. september 2024 og yfirlit yfir útlitsbreytingar á götuhliðum húss á afrita aðaluppdráttar samþykktum 13. október 1977.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Ófullnægjandi gögn.

38. Skúlagata 4 - Niðurrif - USK24070227

Sótt er um leyfi til að rífa lágbyggingar austan og vestan við suðurálmú Sjárvarútvegshússins á lóð nr. 4 við Skúlagötu.

Erindi fylgir minnisblað/umsókn frá verkfræðistofunni Eflu dags. 11. júlí 2024 og förgunarskýrsla dags. 19. ágúst 2024.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

39. Sléttuvegur 25 - USK24040213

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060835 þannig að sorpgeymslur, rými 0081 og 0128, eru fjarlægðar og hjólageymslur, rými 0078 og 0127, stækkaðar sem því nemur og komið fyrir nýrri geymslu, rými 0128, skábraut að bílakjallara er lengd lítillega og tveimur djúpgámum. með 5 gámum hvor, komið fyrir við innganga, jafnframt eru rýmisnúmer og skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús við Skógarveg 6 og 8, mhl.03, á lóð nr. 25 við Sléttuveg.

Erindi fylgir minnisblað Eflu verkfræðistofu um djúpgáma dags. 10. júní 2024 og yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdráttum samþykktum 24. maí 2022.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

40. Spítalastígur 4A - USK24090067

Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með kjallara á lóð nr. 4 við Spítalastíg.

Erindi fylgir mæliblað 1.184.0 dags. 23. nóvember 2023.

Stærð: 271,2 ferm., 831 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Stefnisvogur 1 - USK24070158

Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með 60 íbúðum, og bílageymslu fyrir 60 bíla í mhl. 01, 02, 03 og 04 á lóð nr. 1 við Stefnisvog.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Stærð: 10.832,5 ferm., 26.113,6 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Stigahlíð 86 - USK23090210

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, 2ja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, að hluta einangrað að utan og klætt læstri málmklæðningu á lóð nr. 86 við Stigahlíð. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 9. september 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. september sl., fylgir erindi. Stærð 385,1 ferm., 1.305,5 rúmm. Gjald kr. 14.500.

Frestað. Lagfæra skráningu.

43. Stálhöfði 2 - USK24050360

Sótt er um leyfi til þess að byggja einn matshluta, þrjú 3-6 hæða fjölbýlishús með 145 íbúðum og sameiginlegum bílakjallara á tveimur hæðum með alls 85 bílastæðum auk djúpgáma sem komið verður á þremur stöðum á lóð nr. 2 við Stálhöfða.

Stærð: 19.19.589.6 ferm., 53.998.5 rúmm.

Nýtingarhlutfall: 4.08

Erindi fylgir uppfærð brunaskýrsla brunahönnunarskýrsla V02 frá Öruggh ehf dags. 24. júní 2024, jarðvegsskýrsla Eflu verkfræðistofu dags. 3. júlí 2024, hljóðvistarskýrsla Brekke Strand dags. 3. júlí 2024, mæliblað 4.034.2 dags. 15. ágúst 2022 og hæðablað dags. 20. júní 2022.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Sundlaugavegur 24 - USK24090115

Sótt er um leyfi til að hækka þak og bæta við kvistum á fjölbýlishúsi á lóð nr. 24 við Sundlaugaveg. Erindi fylgir mæliblað 1.364.0

Stækkun: 54,5 ferm., 87,8 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Suðurlandsbraut 34 - USK24070226

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á öllum hæðum og hækka lyftuhús á skrifstofuhúsi, mhl. 03, á lóð nr. 34 við Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir brunahönnun frá Öruggh dags. 16. júlí 2024 og yfirlit breytinga.

Stækkun: 62,4 ferm., 84,5 rúmm.

Eftir stækkun: 3,108,7 ferm., 10.948 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

46. Sæmundargata 4-10 - USK24090058

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 4 við Sæmundargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 23. júlí 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Urðarbrunnur 5 - USK24050394

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058801 vegna lokaúttektar þannig að gólfkóta bílskúrs hefur verið breytt, innra skipulagi og herbergjaskipan hefur verið breytt í einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Urðarbrunn.

Minnkun rúmmáls: 1.3 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 8. júní 2021.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

48. Vesturgata 66 - USK24090044

Sótt er um heimild til að loka svölum í íbúð 0701 á 7. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr.66 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 31. maí 2022.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Ýmis mál:

49. Fossvogsblettur 2 og 2A - leikskólalóð 1.849.0 - USK24080104

Lóðaruppdráttur.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 11:20

Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir